

ins »Drengurinn minne«. sem hér á landi hefur leikinn verið, Redvers Buller nafnkunnur enskur hershöfðingi, og yfirmaður alls Bretahers í upphafi ófriðarins við Búa, en settur frá herstjórn vegna mistaka og ófara, ennfremur dr. M. V. Fausbøll, fyrrum kennari í indverskum málum við Kaupm.hafnarháskóla, vísindamaður allfrægur (f. 1821).

### Jón Kristjánsson,

læknisnemi, hefur dvalið í Kaupmannahöfn í vetur og tekið fullnaðarpróf með beztu (1.) eink. í nuddlækningum (massage) og sjúkraleikfimi hjá dr. Clod-Hansen yfir-lækni við nuddlækningadeildina á Friðriksspítala. Hann mun taka bráðlega til starfa hér í bænum.

### Verzlunarblað

eru þeir Grímúlfur H. Ólafsson og Ólafur Ólafsson verzlunarmenn hér í bænum farnir að gefa út. Blaðið kemur út 1 sinni á mánuði og kostar 3 kr. árg. Það er í sama broti og „Óðinn“ og fyrsta blaðið er 20 bls.

## Heiðursamsæti

héldu Reykdælir fyrverandi sóknarpresti sínum, Guðmundi próf. Helgasyni, að Deildartungu sunnud. 31. f. m., að viðstöddum nær 100 manns. Veður var hið blíðasta. Sól skein í heiði og íslenska náttúrufrægurðin blasti fyrir augum aðkomenda með öllum sínum töfraljóma. Mátti með sanni segja, að Fjallkonan gamla, jökulkrynda, breiddi fagnandi fadmann móti gestunum, og biði þá velkomna, og að hún væri þeim samtaka í því, að gera þeim daginn ánægjulegan. — Að líðandi hádegi var gengið til sætis í hinum stóra samsætissal, sem skipaður var margsettum bekkjaröðum. Voru þá veitingar bornar fram, og er gestirnir höfðu gert þeim góð skil, þá stóð upp úr sæti sínu Ingólfur hreppstjóri Guðmundsson á Breiðabólstað, og hélt tölu fyrir minni heiðursgestsins. Lýsti hann með vingjarnlegum orðum veru hans og starfsemi í þessu bygðarlagi. Þar næst lýsti hann því yfir, að innan fárra daga yrði flutt inn á heimili hans vandað skrifborð, gjöf frá Reykdælum, sem lítil þakklætisviðurkenning fyrir alla starfsemi hans og góða framkomu í þessu bygðarlagi. Þar næst var sungið kvæði, sem Kristleifur bóndi Þorsteinsson á Stóra-Kroppi hafði ort fyrir minni heiðursgestsins. Að því búnu talaði heiðursgesturinn sjálfur; fór hann mjög hlýjum þakkarorðum um velvild þá, er sér væri sýnd við þetta tækifæri. Jafnframt þakkaði hann fyrir alla góða samvinnu, árnáði sveitinni og héraðinu allra heilla. Bað gestina að bera kveðju sína öllum þeim af sveitarmönnum, sem ekki væru þar viðstaddir. — Því næst talaði Árni Þorsteinsson bóndi á Brennistöðum fyrir minni Reykdæla. Minntist hann á hina fornu höfðingja og landsnámsmenn þessarar sveitar o. s. frv. Þá var sungið kvæði, sem Kr. Þ. hafði ort fyrir minni Reykdæla. — Eptir það drógu menn að sér nýtt lopt undir berum himni litla stund. Þá var aptur gengið til sætis og drukkið kaffi. Þá talaði fyrir minni Íslands Sveinn Arnason á Stóra-Kroppi. Minntist á náttúrufrægurð landsins, og að hve miklu leyti íbúarnir hefðu lagt fram sína krapta, til að bæta og prýða landið, sem til skamms tíma hefði verið næsta lítið. Jafnframt minntist hann á, hversu mikil betrandi áhrif ættjardarkvæði J. H. hefðu haft á íslenska þjóðlífið. Sungið á eptir hið alkunna kvæði „Eldgamla Ísaföld“.

Síðar um daginn talaði Árni Sveinbjarnarson frá Manitoba í Canada, sem hér var á kynnisferð meðal frændtölks síns, og var þar staddur. Talaði hann um þær framfarir, er hér hefðu orðið hina síðustu áratugi. Jafnframt lét hann ánægju sína í ljósi yfir Íslandsferð sinni og hinum góðu viðtökum, er hann hefði haft heima. Hafði

hann orð á að flytja hingað alkominn síðar, þótt hann gæti ekki sagt neitt ákveðið um það að svo stöddu. Þá hélt heiðursgesturinn enn á ný tölu og kvaddi alla samsætisgestina með innilegu þakklæti. — Síðast talaði Jón Hannesson í Deildartungu. Meðal annars bað hann velvirðingar á því, sem ábótavant hefði verið með útbúnað og viðtökurnar í heild sinni. Var því mótmælt, að í nokkru væri ábótavant, enda létu veitendur sér annt um það, að allt væri sem fullkomnast, og var ekkert til þess sparað. Á milli ræðuhalda söng sön-flokkur undir forustu organleikara Bjarna Bjarnasonar frá Hurðarbaki ýms kvæði, svo sem „Hvað er svo glatt“, „Ó, fögur er vor fósturjörð“ m. m. Áður en samsætinu var slitið, var sungið kvæðið „Kveðja til séra Guðm. Helgasonar“, eptir Kr. Þ.

Nokkrir utansveitarmenn tóku þátt í samsætinu ásamt konum sínum, og voru þeir þessir: Hjörtur Snorrason skólastj. á Skeljabrekku, héraðsl. Jón Blöndal í Stafholtsey, Björn bóndi Þorsteinsson í Bæ, Jakob bóndi Jónsson á Varmalæk, Guðm. bóndi Auðunsson á Skálpastöðum. — Samsætið stóð til kl. 8 e. m. Er það óefað, að ljúfar sagna- aðarendurminningar hafa hreyft sér í brjóstum margra sveitarmanna, sem áttu nú á bak að sjá sínum nýtasta manni, þeim manni, sem veitt hafði mörgum hollum straumum inn í félagslíf Reykdæla og sem sjálfur var fyrirmynd og frömuður margra nytsemdarfyrirtækja og framfara. Til dæmis þess hve hann lét sér annt um hag og framgang þessarar sveitar til síðustu stundar, sem hann dvaldi þar, á vel við að geta þess, að á málfundi að afloknu manntalsþingi á Sturlureykjum 1. þ. m. breyfdi hann því, að sett væri á fót kornforðabúr í sveitinni, svo að bjarga mætti fénaði manna, ef harðindi bæru að höndum. Bauð hann að leggja fram frá sjálfum sér 200 kr. að gjöf til styrktar þessu fyrirtæki. Mun ekki ólíklega til getið, að einhverjir Reykdælir feti í spor hans og styðji að fyrirtækinu með fjárframlögum og góðum ráðum.

Í sambandi við þetta vil eg geta þess, að Hálssveitingar héldu séra Guðm. samsæti næstlíðið haust. Var það haldið í Stóra-Ási. Í því tóku þátt öll hjón í Hálsahreppi. Færðu þeir honum fingurgull að gjöf. Sýnir það best hinar almennu vinsældir, sem hann hefur notið í sóknnum sínum.

3/6 '08. S. Á.

### Minni séra Guðm. Helgasonar

í samsæti í Deildartungu 31. maí '08.

Vér komum hér að kveðja vorn kæra sóknarprest. Það gekk oss enn að óskum, að eiga hann nú að gest, svo honum mættum helga vorn hinnsta þakkarvott, sem merki þess vér myndum, hve margt hann sýndi' oss gott.

Í lífsins beztum blóma kann bústað valdi sér, sem fornan frægðarljóma hins fróða Snorra ber. En árin tvisvar tíu og talin þrjú við bætt, í haði tímans horfna nú hafa síðan flætt.

Og frá þeim fyrstu árum og fram á þennan dag Hann var með oss á verði, að vernda okkar hag; Með sannleik fyrir sjónum að samningsmálum gekk, og átti á öllum mótum í öndveginnu bekk.

Hann kenndi fögur kvæði og flutti heilagt mál,

með ást og trú í anda og eld og krapt í sál, svo hver og einn varð hrifinn og hreyfing kom á blóð, og til var ekkert eyra, sem opið þá ei stóð.

Svo geymum vel og virðum hans viturlegu orð, sem miklu fleiri muna, en mætast hér við borð. Hann er sá heiðursgestur, sem hjórtu okkar vann. Og náði sæmd með sigri, því syngjum: Lífi hann!

K. Þ.

### Minni Reykdæla.

Sungið í samsæti í Deildartungu 31. maí '08.

Í þessum hreppi' vér hlutum skjól og hér varð okkar saga. Þar vermdumst fyrst af vonarsól um vora beztu daga. En nú þótt skúrir skyggi á og skinið sé að baki, er nokkuð minni þörfin þá, að þjóðin starfi, vaki?

Að vaka, er okkar vilji einn, að vinna, hugur mestur. en þar í götu er þungur steinn, oss þekking næga brestur, að breyta þýfi í græna grund, svo grasið vélar sníði. að klæða holtin laufgum lund með litarskrúði og prýði.

Öll jörð er hér af frjósemd full, um fargið þarf að losa, því hver ein þúfa geymir gull, þótt gráum klædist mosa. Með bryndan plög að brjóta reit hver bóndasonur læri, eg veit að okkar varma sveit þeim verkalaunin bæri.

Og ef þeir láta hug og hönd að heillaverkum starfa. Þá grárra fedra gleddist önd, er gagnið sæju að arfa. En mest er vert að bræðraband þá byndi einum huga, því til að frelsa fósturland má félagsandinn duga.

### Dánarfregn.

Blaðið „Heimskringla“ í Winnipeg hefur óskað, að Þjóðólfur birti eptirfarandi dánarminningu:

Guðrún Grímsdóttir, háöldruð ekkja og þrotin að heilsu, andaðist að heimili sínu hjá Grími syni sínum, hinn 21. febr. síðastl., í Gardar bygð, N. Dak. Hún var vel greind dugnaðar- og ráðdeildarkona í bezta lagi. Fædd í Síðumúla í Mýrasýslu og ólst upp hjá foreldrum sínum og flutti með þeim að Grímsst. í Reykholtssdal. Foreldrar hennar voru Grímur Steinólfsson bóndi á Svíra og Klett Jónssonar á Hvanneyri og kona Gríms Guðrún Þórðardóttir prests að Lundi í Borgarfjarðarsýslu Jónssonar að Möðruvöllum í Kjós og Flekkudal Jónssonar prests á Reynivöllum. Áttu þau hjón alls 15 börn, og komust 11 af þeim til fullorðins ára og var elzt þeirra Magnús prestur Grímsson á Mosfelli, dáinn 1860. Öll þau systkin vel greind og mannvænleg.

Guðrún sál. giptist frá foreldrum sínum um tvítugsaldur yngismanni Þórði Arnasyni á Bjarnastöðum í Hvítársíðu, velgáfuðum þjóðhagasmíð. Byrjuðu þau þar búskap með næg efni, og fluttu þaðan að Stað við Hrátafjörð og svo þaðan að Dalgeirsstöðum í Miðfirði. En til Ameríku fluttu þau 1873, og lentu þá í Milwaukee. Missti hún þar mann sinn eptir mánaðar veru, — þöldi ekki vinnuna og loptslagið, var bilaður fyrir brjósti.

Þá um haustið flutti hún með börn sín út í norska bygð, 80 mílur út á land, og var þar til 1877. Þá flutti hún til Shewano, íslenska nýlendu í Wisconsin, og svo 1880 til Gardar í N. Dakota, hvar hún tók land ásamt Grími syni sínum, og hafa þau búið þar síðan fyrst við lítil efni, en þó lengst af við allgöð efni. Var hún nú fyrir nokkrum árum hætt við búskap, en hann giptur og búnaðist ágætlega. Kona hans er Ingibjörg Snæbjörnsdóttir.

Börn hennar eru þessi, sem uppkomust öll í Ameríku:

1. Grímur, velmegandi bóndi í Gardar bygð (áður nefndur).
  2. Þórður læknir, fyr ritstjóri „Vínlands“ í Minneota, Minn., hálerður gáfumaður.
  3. Hjörtur, rafmagnsfræðingur (einn hinn mesti í Ameríku), í Chicago, stóreigna- og rafmagnsverkstjóri þar. Giptur íslenzkri konu.
  4. Árni, bóndi í Californíu, giftur.
  5. Guðrún, ógpf, og var hjá móður sinni.
  6. Ingibjörg, ekkja í Gardarbygð.
- Öll mannvænleg og vel gefin.

### Kappglíma

grísk-rómversk fer fram í Bárubúð á mánudaginn, milli Jóhannesar Jósepssonar og Svía nokkurs, Gottfrids Thoren frá Stokkhólmi, er boðið hefur Jóhannesi út, og þykist hafa glímt í Svíþjóð, Bandaríkjunum og á Englandi.

## Fundaboð.

Með því að við undirritaðir höfum ákveðið að gefa kost á okkur til þingmennsku fyrir Árnassýslu við kosningarnar 10. sept. næstk., boðum við hér með kjósendur í kjördæminu til viðtalsfunda, sérstaklega um sambandsmálið, á þessum stöðum:

Við Ölfusárbrú (fyrir Flóa og Ölfus) laugard. 27. júní kl. 9 árd.

Á Stokkseyri (eða Eyrarbakka) sunnud. 28. kl. 4 síðd.

Á Húsatóptum á Skeiðum mánudag 29. kl. 12 á háð.

Á Vatnsleysu í Biskupstungum þriðjud. 30. kl. 12 á háð.

Á Stóruborg í Grimsnesi miðvikud. 1. júlí kl. 1 síðd.

Reykjavík í júní 1908.

Hannes Þorsteinsson,

Sigurður Sigurðsson.

## Björn Arnason

gullsmíður

(frá Ísafirði) smíðar á

Laugavegi 5

allskonar nýja

gullgripi.

## Eggert Claessen

yfirréttarmálafrutningsmaður.

Pósthússtræti 17. Venjulega heima kl. 10—11 og 4—5. Tals. 16.

## Beizlis-stengur

úr nýsilfri og járn, beizliskeðjur, peningabuddur, hárgreiddur, kamb-ar o. m. fl. nýkomið, selt mjög ódýrt í Austurstræti 1.

ÁSG. G. GUNNLAUGSSON,